

Reykjavík, 26. nóvember, 2018.

Umsögn Guðrúnar Árnadóttur, PhD, um “Gjaldtöku Vísindasiðanefndar”

Heiti og efni Frumvarps: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, nr. 44/2014 (gjaldtaka vísindasiðanefndar).

149. löggjafarþing 2018–2019.

Þingskjal 347 – 299. mál.

Stjórnarfrumvarp

Ég hef haft umsjón með þróunar og rannsóknarvinnu iðjubjálfa á Landspítala og verið dósent við íslenska háskóla. Ég hef því margsinnis sent umsóknir til vísindasiðanefndar.

Almennt álit:

Að mínu mati á kostnaður vísindasiðanefndar vegna mats á umsóknum um leyfi til að hefja eða breyta vísindarannsókn á heilbrigðissviði ekki að axlast af fjársveltum rannsækendum. Slíkt takmarkar rannsóknir og er letjandi fyrir t.d. þá sjálfstæðu rannsækendur sem taka að sér rannsóknarstörf án þess að hafa fjársterkar stofnanir á bak við sig. Vísindastyrkir til rannsókna á heilbrigðissviði eru yfirleitt lágir á Íslandi (t.d. voru styrkveitingar Vísindasjóðs Landspítala til sinna vísindamanna á bilinu 175.000,- til 1.150.000,- á þessu ári) og nægja aðeins fyrir mjög takmörkuðum hluta rannsóknarkostnaðar. Rannsóknarstyrkir eru m.a. notaðir til að greiða fyrir efniskostnað (kaup á rannsóknarefnum og prentun rannsóknargagna t.d. gögn um upplýst samþykki og spurningalista), tækjakaup (tæki til notkunar í rannsókn eða mælinga á klínískum þáttum), aðkeypta þjónustu s.s. tölfræðiþjónustu, laun og launatengd gjöld aðstoðarfólks og nema, auk birtingarkostnaðar rannsóknagreina í fagtímarit. Það væri óbærilegt ef draga ætti kostnað við mat og afgreiðslu umsókna til vísindasiðanefndar frá slíkum styrkjum, sem eru allt of lágir fyrir. Í því tilviki að styrkur sé t.d. 175.000 kr., og leggja þyrfti umsókn inn tvívegis má sjá að meiri hluti styrksins rynni til vísindasiðanefndar.

Athugasemdir við einstöku liði greinargerðarinnar:

Í öðrum lið kemur fram að mála fjöldi hjá vísindasiðanefnd hafi aukist jafnt og þétt síðustu ár og aukningin hafi verið úr takti við fjárveitingar til nefndarinnar. Ekki er óeðlilegt að umsóknafjöldi aukist í takt við fólksfjölgu og fjölgun nema í rannsóknanámi, bæði innlendra og erlendra nema. Ótækt er að slík kostnaðarauking falli á aðra rannsækendur.

Í þriðja lið kemur m.a. fram að breyting sú sem lögð er til varðandi þjónustugjaldið sé í samræmi við framkvæmd annars staðar á Norðurlöndunum að Noregi undanskildum. Hefur þetta verið kannað nógu vel? Míni samstarfsaðilar við danska háskóla og rannsóknarstofnanir kannast ekki við þetta gjald.

Í fimmta lið kemur fram að annað af tveimur markmiðum með gjaldtökunni sé að bæta vinnubrögð rannsækenda og umsækjenda. Það hlýtur að vera hægt að bæta vinnubrögð þeirra sem skila ófullnægjandi umsóknum öðruvísi en á kostnað þeirra sem vanda til sinna verka.

Virðingarfyllst,

Guðrún Árnadóttir, PhD, iðjubjálfi á Landspítala, Grensási og klínískur dósent við læknadeild HÍ